# Grunnskóli Borgarfjarðar - Hvanneyrardeild

Hrund Malín Þorgeirsdóttir

Umsjónarkennari 1.-2. bekkjar GBF-Hvanneyri

# Bréfaskrif við Blæ



Halló krakkar

Ég heiti Blær og mig langar að koma í heimsókn í skólann ykkar.

Ég er bangsi sem hef ferðast til margra landa. Ég hef farið í marga skóla og leikskóla í heimsókn og nú langar mig að koma heim til Íslands og vera með ykkur á Hvanneyri.

Ég lofa að vera góður vinur, kenna ykkur skemmtileg lög og sýna ykkur hvernig maður getur nuddað bakið. Mér finnst æðislega gott að fara í nudd ☺

Mig langar að eignast nýja vini og hjálpa ykkur krökkunum að vera hugrakkir og góðir vinir hvers annars. Má ég koma og vera með ykkur?

Ég vona að ég fái svar frá ykkur sem fyrst.

Kær kveðja,

Blær



Halló Blær

Þú mátt koma í heimsókn í grunnskólann okkar. Við skulum vera góðir vinir þínir.

Við skulum gefa þér nudd, og líka kenna þér góða leiki.

Hvenær kemur þú til okkar?

Kær kveðja,

Heiður

Kristjan

Tímoto

ÍSAK KÁRI

DAVÍD

HARALDUR

Emelía

Krisbjörg

ÓTTARR

BIRNIR

Vilborg

GEORG

HilmAR



1. nóvember 2017

Hæ hæ

Takk fyrir að svara bréfinu mínu svona fljótt. Mikið var ég glatt þegar ég fékk bréfið í póstinum! Bréfberinn fann mig þegar ég var í sjóferð í Ástralíu og lét mig fá bréfið frá þér og krökkunum í bekknum þínum. Ég varð svo spennt að ég fór beinustu leið heim til að pakka í tösku og leggja af stað aftur til Íslands. Takk fyrir að leyfa mér að koma til ykkar, ég ætla að koma í skólann ykkar á **miðvikudaginn** og fá að vera hjá ykkur! Það er sko mjög stutt þangað til. Ég hlakka mjög til að hitta ykkur öll og eignast fullt af nýjum vinum.

Sjáumst á miðvikudaginn ☺

Kær kveðja,

Blær

Hér er ég í Ástralíu.

Hér er ég með Mary prinsessu. Hún er prinsessa í Danmörku og verður drottning einn daginn. Hún er mjög góð vinkona mín.

# Litlu Blæirnir koma

Halló krakkar í 1. og 2. bekk

Blær sagði okkur hvað væri gaman hjá ykkur í skólanum ykkar svo við vildum endilega koma líka! Við spurðum kennarann ykkar um leyfi og hún sagði að það væru allir velkomnir í skólann ykkar. Þetta leist okkur vel á, svo við lögðum af stað. Það var svo mikið rok og snjór að við fukum og villtumst á leiðinni. Getið þið komið og náð í okkur? Við höldum að við séum mjög nálægt bænum ykkar, Hvanneyri. Það eru mjög mörg tré hérna og meira að segja flott tréhús og hér er hægt að kveikja eld. Æ hvað við vonum að þið getið komið og sótt okkur – við erum alveg uppgefnir því það er búinn að vera svo mikill vindur!

Með kærri kveðju,

Litlu Blæirnir



# „Litli Blærinn minn elskar mig“

*nemandi í 1.bekk*



